

**Nd.**

**361. Breytingartillögur**

[100. mál]

við frv. til laga um fæðingarorlof.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Orðin „sem taka laun fyrir vinnu sína“ falli burt.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Við barnsfæðingu skal greiða hverri móður orlofsfé, sem nemur þrefaldri upphæð fæðingarstyrks samkvæmt 8. gr. laga nr. 13/1960, um breyting á lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:  
Útgjöldum þeim, sem lög þessi hafa í för með sér, skal skipt á þá aðila, sem bera útgjöld lifeyristrygginga, samkv. 2. efnismálsgr. 11. gr. laga nr. 13/1960, um breyting á lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, og í sömu hlutföllum.